

Sp.

551. Tillaga

til þingsályktunar um milliríkjasamninga.

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson, Kl. Jónsson, Benedikt Sveinsson
og Hjedinn Valdimarsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp samninga við stjórnir hinna norðurlandarákjanna fjögur um úrslit deilumála, er upp kunna að koma milli Íslands og einhvers þeirra.

Samningarnir sju gerðir á þeim grundvelli, að hinn fasti dómstóll í Haag dæmi um þau ágreiningsmál án undantekningar, er ríkisstjórnirnar fá eigi jafnað sín á milli, og sju uppsagnarákvæði samskonar og í tilsvarendi samningum, er hin fjögur ríki hafa þegar gert sín á milli. Samningarnir sju gerðir að áskilinni fullgildingu og lagðir fyrir Alþingi áður en fullgilding fer fram.

Greinargerð.

Hin norðurlandarákin fjögur hafa þegar gert samninga sín á milli um að leggja öll deilumál sín, er eigi verða jöfnuð á annan hátt, undir alþjóðadómstólinn í Haag.

Rjett þykir, að Ísland geri samskonar samninga við hin ríkin, og er til laga þessi því borin fram í samráði við stjórnina.